Nr. 49.
10.
nóvbr.

# Lög

um

## styrk úr landssjóði til samvinnusmjörbúa.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Árin 1906 og 1907 veitist íslenzknm samvinnusmjörbúum 18,000 kr. styrkur úr landssjóði hvort árið.

2. gr.

Stjórnarráðið úthlutar styrknum til smjörbúanna í marzmánuði 1907 og 1908 og skal við úthlutunina farið eptir því, hve mikið smjör hvert bú hefur selt erlendis á liðnu ári, og eptir því verði, sem smjörið hefur selzt fyrir. Smjör, sem selzt lakar en á 70 aura hvert danskt pund, skal ekki talið með, þegar styrknum er jafnað niður. Styrknum skal úthlutað eptir pundatölu þess smjörs, er selst á 70 aura og hærra verð. Í fyrsta flokki skal talið smjör, er selst á 80 aura hvert danskt pund og í öðrum flokki smjör, er selst á 70—80 aura. Fyrir smjör í 1. flokki skal styrkurinn vera 50 % hærri en fyrir smjör í 2. flokki.

3. gr.

Samvinnusmjörbú, er vilja hljóta styrk, skulu senda umsókn sína fyrir liðið ár til stjórnarráðsins, eigi síðar en fyrir lok febrúar 1907 og 1908; umsókn, er síðar kemur til stjórnarráðsins, verður eigi tekin til greina. Umsókninni skal fylgja farmskrá frá skipstjóra þeim, er smjörið flutti, eða vottorð frá afgreiðslumanni skips þess, er smjörið var sent með, er sýni þyngd þess með umbúðum og tölu íláta. Svo skal og fylgja sölureikningur smjörsins, undirritaður af þeim, er með söluna fór, og sje þar tilgreint söluverð hverrar einstakrar smjörsendingar, eða hluta af henni, sje hún eigi seld í einu lagi.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 49.
10.
Novbr.

om

## Tilskud af Landskassen til Andelsmejerier.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

For hvert af Aarene 1906 og 1907 ydes der af Landskassen til islandske Andelsmejerier et Tilskud af 18,000 Kr.

§ 2.

Ministeriet fordeler i Marts Maaned 1907 og 1908 Tilskudet til Andelsmejerierne, og skal Fordelingen rettes efter, hvormeget Smør hvert Mejeri har solgt udenlands i det forløbne Aar, og efter den Pris, som Smørret er solgt for. Det Smør, som sælges under en Pris af 70 Øre for hvert dansk Pund, kommer ikke i Betragtning ved Fordelingen af Tilskudet. Tilskudet skal uddeles efter det Antal Pund Smør, der er solgt for en Pris af 70 Øre eller derover. Det Smør, som er solgt for 80 Øre pr. dansk Pund, sættes i første Klasse, og det Smør, der er solgt for 70—80 Øre, i anden Klasse. Tilskudet for Smør i 1ste Klasse skal være 50 pCt. højere end for Smør i 2den Klasse.

§ 3.

De Andelsmejerier, som ønske at erholde Tilskud, skulle inden Udgangen af Februar 1907 og 1908 indgaa til Ministeriet med et Andragende derom for det forløbne Aar; Andragender, der indkommer senere til Ministeriet, kommer ikke i Betragtning. Andragendet skal være ledsaget af et af den Skibsfører, som udførte Smørret, udstedt Konnossement eller en Attest fra Ekspeditionen for det Skib, med hvilket Smørret blev sendt, udvisende dets Bruttovægt og Antallet af Beholdere. Desuden skal medfølge en af Forhandleren undertegnet Salgsregning, hvori Salgsprisen for hver enkelt Smørsending, eller for saa vidt den ikke sælges i eet Parti, hver enkelt Del af den angives.

Nr. 49.
10. nóvbr.

4. gr.

Stjórnarráðið sker úr um gildi skírteina þeirra, er að skilyrði eru sett samkvæmt 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög um verðlaun fyrir útflutt smjör 3. okt. 1903.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 10. nóvember 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***
(L. S.)

*H. Hafstein.*

Nr. 49. Lög 10. nóvember um styrk úr landssjóði til samvinnusmjörbúa.

§ 4.

Nr. 49. 10. Novbr.

Ministeriet bedømmer Gyldigheden af de i § 3 betingede Bevisligheder.

§ 5.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Jannar 1906, fra hvilken Tid Lov om Udførselspræmie for Smør af 3die Oktbr. 1903 ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 10. November 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 10. November 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*

**Nr. 49. Lov 10. November om Tilskud af Landskassen til Andelsmejerier.**